

Viðbrögð grunnskóla Grindavíkur vegna ófullnægjandi skólasóknar nemenda – Leyfi / veikindi

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda þrátt fyrir fullnægjandi ástundunareinkun skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi á skólaárinu (staðfest langtímaveikindi og staðfest skrifleg leyfi eru hér frátalin). Skóli getur óskað eftir veikindavottorði. Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum. Gott er að styðjast við viðmið um fjölda veikinda og/eða leyfisdaga við hvert þrep, en einnig er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers og eins nemanda.

Þrep 1 – Viðmið 5 til 9 veikinda- og / eða leyfisdagar

Umsjónarkennari sendir foreldrum bréf um ástundun í gegnum Mentor og hefur í kjölfarið samband við foreldra og fær útskýringar.

Þrep 2 – Viðmið 10 til 14 veikinda- og / eða leyfisdagar

Umsjónarkennari sendir foreldrum aftur bréf um ástundun í gegnum Mentor. Umsjónarkennari hefur í kjölfarið samband við foreldra. Ef 80% eða meira af forfalladögum eru tilkynnt veikindi, upplýsir umsjónarkennari skólahjúkrunarfræðing um stöðu mála sem metur mögulega aðkoma sína að málefnum nemandans. Skólahjúkrunarfræðingur tekur málið upp í Nemendaverndarráði ef þörf þykir. Skólastjórnendur upplýstir um stöðu mála.

Þrep 3 – Viðmið 15 til 19 veikinda- og / eða leyfisdagar

Fundur með umsjónarkennara og nemanda (ef viðeigandi), ásamt foreldrum og deildastjóra. Áætlun sett fram þar sem fram kemur hvernig nemandi og foreldrar ætla að bæta ástundun nemandans.

Þrep 4 – Viðmið 20 til 29 veikinda- og / eða leyfisdagar

Málinu er vísað til umfjöllunar í nemendaverndarráði. Skólastjóri boðar foreldra til fundar (e.t.v. með aðkomu fulltrúa úr nemendaverndarráði). Áætlun sett fram þar sem fram kemur hvort farið verði í áframhaldandi vinnu með foreldrum eða málinu vísað til barnaverndarnefndar.

Þrep 5 – Viðmið 30 eða fleiri veikinda- og / eða leyfisdagar

Skólinn tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar Grindavíkurbæjar.

Grunnskóli Grindvíkur byggir samskipta- og umgengnisreglur á hugmyndafræði uppbyggingastefnunnar.